



● EL – 15% Klór

Eiginleikar: Klórinn inniheldur um 150 g/L af fríum klór. Klórlausnin er sterkt sótthreinsandi efni og er notað í matvælaíðnaði, fiskiskipum, sundlaugum og víðar. Sótthreinsar, bleikir og eyðir ólykt.

Innihald: Vatn, Natríum Hypóklórít og Natríumhydroxíð. pH gildi: ~14. Tær gulur vökvi.

Notkun: Öflugt efni sem hentar vel til sótthreinsunar á vinnslusölum, plastbökkum, kössum, körum og þeim flötum sem þola klór. Notist ekki á Ál eða aðra léttmálma.

Leiðbeiningar: Blandist á snertifleti í matvælaíðnaði í hlutföllunum 0,2-0,4% eða 2-4 ml í 1 ltr af vatni. Það samsvarar ca. 300-600 ppm af fríum Klór.

Klórformúla: $mL = (L \times ppm) / (10 \times \%)$.

mL= Millilítrar af klór sem fara út í vatnið. L= Lítrafjöldi sem útbúa skal. ppm= ppm sem útbúa skal. %= styrkleiki klórs sem notaður er.

Geymist best á köldum og dímum stað í upprunalegum umbúðum.

Varnaðarmerki, hættusetningar (H) og varnaðarsetningar (V):



H 31 – Myndar eitruða lofttegund í snertingu við sýru (myndar klórgas).

H 34 – Ætandi.

V2 - Geymist þar sem börn ná ekki til.

V 26- Berist efnið í augu skal strax skola vandlega og leita læknis.

V 28- Berist efnið á húð skal strax þvo með miklu af vatni.

V 36/37/39 – notið viðeigandi hlífðarfatnað, hanska og hlífðargleraugu / andlitsgrímu.

V 45- Leitið umsvifalaust læknis ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.

V 50- Má ekki blanda með öðrum efnum og lífshættulegt að blanda með súru efni.

V 61- Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar í öryggisblaði.